



Bygðasafn Vestfjarða

130. stjórnarfundur Bygðasafns Vestfjarða haldinn þriðjudaginn 25. nóvember 2025 kl. 12:00 í Faktorshúsinu í Neðstakaupstað.

Mætt: Jón Páll Hreinsson bæjarstjóri Bolungarvíkurkaupstaðar, Sigríður Júlía Brynjólfsdóttir bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, Edda María Hagalín fjármálastjóri Ísafjarðarbæjar, Jóna Símonía Bjarnadóttir forstöðumaður og Sæbjörg Freyja Gísladóttir safnvörður sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Staða safnsins - Ákveðið að farið skuli í endurskilgreiningu og endurskipulag á rekstrinum. Markmiðið er að skipta honum meira upp eftir deildum til þess að hafa betri yfirsýn yfir tekjur og gjöld.

Samhliða þarf að endurskilgreina hlutverk safnsins og safnasvæðisins. Hvert er hlutverk þess utan faglegs starfs samkvæmt lögum, hvað ber starfsfólki að gera utan faglegs starfs og hver er stefnan varðandi framtíðina. Unnið er að hönnun svæðisins í samráði við safnið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 13:30